



Tillögur um styttingu vinnuviku í leikskólum Hafnarfjarðar

Skýrsla starfshóps

Mars 2019

Efnisyfirlit

Mars 2019	1
Efnisyfirlit.....	2
Samantekt	3
Inngangur	4
Um verkefnið	5
Starfshópur	5
Starfsumhverfi í leikskólum	5
Hvað segja gögnin	7
Reykjavíkurborg – samtöl og heimsóknir	8
Tillaga að framkvæmd á tilraunaverkefni um styttingu vinnuviku í leikskólum Hafnarfjarðar	10
Kostnaðaráætlun	11
Niðurstaða	12
Heimildir:	13

Samantekt

Þessi skýrsla gerir grein fyrir þeim þáttum sem starfshópur um styttingu vinnuviku telur að liggja þurfi til grundvallar í tilraunaverkefni um framkvæmd styttingu á vinnuviku í leikskólum Hafnarfjarðarbæjar. Starfshópurinn var skipaður í kjölfar skýrslu um bættar starfsaðstæður í leikskólum, þar sem lagt var til að skipaður yrði hópur sem undirbúi tilraunaverkefni um styttingu vinnuviku í leikskólum bæjarins sem lið í að bæta starfsaðstæður.

Fyrsti hluti skýrslunnar gerir grein fyrir umræðu um lengd vinnuviku á Íslandi, stöðu og hlutverki leikskóla á vinnumarkaði og í samfélagi ásamt þeim gögnum sem hópurinn safnaði að sér í undirbúningsvinnu fyrir verkefnið. Skýrslur frá öðrum sveitarfélögum, ráðstefnur um starfsumhverfi, samfélagsbreytingar og styttingu vinnuviku ásamt viðtölum við stjórnendur leikskóla sem hafa á einhvern hátt tekið þátt í innleiðingu á styttingu vinnuviku eru meðal þeirra gagna sem aflað var við undirbúning þessa verkefnis.

Seinni hluti skýrslunnar gerir grein fyrir framkvæmd verkefnisins, hvaða grundvelli það byggir á, hvernig hrinda á því í framkvæmd og hver tilkostnaður er af verkefninu.

Niðurstöður starfshópsins eru að mikilvægt er að forsendur þess að taka þátt í verkefninu séu skýrar, verkferlar ljósir, vilji og samstaða starfsfólks sé um þátttöku og sett séu mælanleg viðmið í upphafi og lok verkefnis.

Inngangur

Lítið hefur breyst í umræðunni um styttingu vinnuviku frá því árinu 1971 þegar sett voru lög um 40 klukkustunda vinnuviku (88/1971). Síðan hefur samfélagið tekið miklum breytingum og í dag eru gerðar meiri kröfur til samveru með fjölskyldu og samþættingar milli einkalífs og atvinnu.

Umræða um álag og kulnun í starfi verður æ meira áberandi og nú á síðustu árum sífellt háværari. Sýnt er fram á að þær stéttir sem hvað oftast eru nefndar í þessu samhengi eru skólar, heilbrigðis- og félagsmálastéttir. Það sem hefur einkennt umræðuna undanfarið er með hvaða hætti er hægt að sporna við þessari þróun og skapa blómlegri starfsaðstæður þar sem ákallið kemur.

Í samantekt um skýrslu um bættar starfsaðstæður í leikskólum Hafnarfjarðar er lagt til að lítið sé til tilraunaverkefnis Reykjavíkurborgar og BSRB um styttingu vinnuviku sem hófu tilraunaverkefni sitt árið 2015. Í upphafi þess verkefnis byrjuðu tveir vinnustaðir borgarinnar styttingu á vinnuviku, en í dag nær verkefnið til um 2000 starfsmanna hjá Reykjavíkurborg á um 100 vinnustöðum (Reykjavíkurborg).

Það er metnaður og vilji til að skapa starfsfólki og börnum sem besta aðstæður til að vaxa og dafna. Það er ósk okkar að tillaga að innleiðingu á tilraunaverkefni um styttingu vinnuviku í leikskólum í Hafnarfirði sé lóð á vogarskálarnar sem styðja við það markmið.

Um verkefnið

Starfshópur

Á fræðsluráðsfundi þann 15. ágúst 2018 var lögð fram skýrsla starfshóps um bættar starfsaðstæður í leikskólum og lagt til að unnið verði áfram með þær tillögur sem þar voru settar fram um styttingu vinnuviku. Fræðslustjóri skipaði í kjölfarið í starfshóp með hliðsjón af því að skipa hópinn fólki með haldgóða þekkingu af starfsaðstæðum í leikskólum. Í starfshópnum sátu:

Arnrún Einarsdóttir fulltrúi aðstoðarleikskólastjóra

Árný Steindóra Steindórsdóttir fulltrúi leikskólastjóra

Guðrún Þorsteinsdóttir mannauðsstjóri

Hildur Kathleen Harðardóttir fulltrúi deildarstjóra

Hrund Apríl Guðmundsdóttir aðstoðarmaður sviðsstjóra fræðslu- og frístundapjónustu

Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir þróunarfulltrúi leikskóla

Fundað var á þriggja vikna fresti og dagskrá send fyrir hvern fund og fundargerðir lagðar fyrir fræðsluráð. Einnig fóru fulltrúar starfshópsins á fyrirlestra, málþing og heimsóknir á vettvang og áttu samtöll við aðila sem hópurinn taldi að gæti aðstoðað við gerð áætlunarinnar með einhverjum hætti.

Fjallað var um hvaða forsendur leikskóli þarf að uppfylla til að taka þátt í slíku verkefni, hvaða tilkostnað það hafi í för með sér og hvaða skref þurfi að taka með tilliti til ráðningasambands milli starfsfólks leikskóla og Hafnarfjarðarbæjar. Að auki var rætt um skipulag á vinnutímum, mönnun, starfshlutfall og væntingar til styttingar á vinnuviku ásamt mögulegum hindrunum og var leitað til sérfræðinga til að fá álit á ýmsum þáttum þar að lútandi.

Leitað var til deildarstjóra hagdeildar eftir kostnaðargreiningu á verkefninu í heild sinni ef til styttingar vinnuviku kæmi í öllum leikskólum bæjarins.

Starfsumhverfi í leikskólum

Mikilvægt er að leita leiða til að létta álagi af starfsfólki leikskóla jafnframt því að gera leikskóla að eftirsóknarverðum valkosti á vinnumarkaði sem leiði til þess að fleiri afli sér menntunar á sviði leikskólafræða og auka líkur á meiri stöðugleika í starfsmannamálum. Styttri vinnuvika er talin veita þungt á vogarskálinni þegar fólk horfir til atvinnu og vera í takt við það samfélag sem vill stuðla að auknum samverustundum fjölskyldunnar og auka jafnvægi milli atvinnuþátttöku og einkalífs. Líklegt er að inngrip í starfsaðstæður með þeim hætti sem hér um ræðir hafi jákvæð áhrif á starfssemi leikskóla. Með styttri vinnuviku gefst aukið svigrúm til skipulags á samþættingu vinnu og einkalífs sem talið er vera einn af verndandi þáttum í starfi og jafnframt auka starfsánægju sem kemur starfsfólki og börnum til góða.

Hvað segja gögnin

Sóttir voru nokkrir viðburðir þar sem málefni um styttingu vinnuviku og bættar starfsaðstæður voru til umfjöllunar. Má þar nefna ráðstefnu á vegum Velferðarráðuneytis, málþing á vegum BSRB og morgunverðarfundur á vegum Landlæknisembættis, Virk og Vinnumála-stofnunnar. Sammerkt með þessum viðburðum var að allir fjölluðu þeir með einum eða öðrum hætti um mikilvægi þess að fjölskyldur hefðu tíma til að eiga gæðastundir og að vinnumarkaðurinn kæmi til móts við þessa kröfu og var þar meðal annars litið til styttingar á vinnuviku.

Á ráðstefnu Velferðarráðuneytisins *Forskot til framtíðar* komu aðilar vinnumarkaðar saman ásamt fulltrúum frá skólasamfélaginu þar sem rætt var um framtíð og þróun starfa ásamt styttingu vinnuvikunnar. Ljóst er af þeim erindum sem þar voru framsett að samfélagslegar breytingar eru í farvatninu sem hafa mikil áhrif á störf og starfsaðstæður í nánustu framtíð.

Í erindi Dr. Ingebjargar H. Jónsdóttur, prófessors við háskólann í Gautaborg og forstöðumanns Institutet för Stressmedicin, á málþingi BSRB um kulnun og álag í starfi kom fram á afgerandi hátt mikilvægi góðrar stjórnunar, skipulags og tækifæra til sveigjanleika í starfi þegar litið er til líðan starfsfólks.

Með færri vinnustundum gefst færi til að veita ákveðin sveigjanleika í starfi í leikskólum til að skipuleggja vinnudag í samræmi við einkalíf. Starfsemi í leikskólum sker sig frá öðrum vinnustöðum til að mynda með þeim hætti að hluti starfsins er að matast með börnum og kaffitímar eru óreglulegir sem gerir skipulag til að sinna einkaerindum í matar eða kaffitíma erfitt um vik.

Reykjavíkurborg hefur verið í forystu þeirra sveitarfélaga sem hafa litið til þess að stytta vinnuvikuna með einum eða öðrum hætti. Verkefnið hófst 2015 með styttingu á vinnuviku um fimm klukkustundir hjá þeim starfsstöðvum sem tóku þátt í tilraunaverkefni. Við endurmat verkefnisins var það fært niður um tvær klukkustundir sem hefur gefið góða raun. Hver starfsstöð sá um útfærslu á fyrirkomulagi styttingar vinnuvikunnar út frá gefnum forsendum.

Markmið með verkefni Reykjavíkurborgar var að útfæra verkefni um styttingu vinnuviku án launaskerðingar og voru starfsstaðir valdir þar sem starfsfólk var undir miklu álagi í starfi samkvæmt niðurstöðum úr starfsmannakönnunum borgarinnar. Ekkert fjármagn fylgdi verkefninu.

Skýrsla Reykjavíkurborgar um styttingu vinnuvikunnar gefur til kynna að almennt sé ánægja með verkefnið þar sem tekist hefur að innleiða það samkvæmt þeim mælingum sem gerðar voru í tengslum við það. Væntingar fólks til verkefnisins í upphafi voru jákvæðar sem einnig getur haft áhrif á svörun við spurningum. Verkefnið hentaði ekki öllum starfsstöðvum sem tóku þátt og drógu einhverjir sig úr því.

Foreldarkönnun var lögð fyrir í leikskólum Reykjavíkur og bornir saman leikskólar sem tóku þátt í styttingu á vinnuviku við samanburðarhóp. Í þeim samanburði kom þátttökuleikskólinn marktækt betur út í einum þætti af sjö, en gæta þarf að því að viðkomandi leikskóli kom einnig

betur út í samanburði áður en verkefnið var sett á laggirnar. Það sem vekur athygli er að ekki er marktækur munur í foreldrakönnunum á milli mánaða hjá umræddum tilraunaleikskóla og lækkar á fleiri stöðum en hækkar í þeim mánuðum sem verkefnið er komið af stað.

Vera má að þessar tölur gefi til kynna áhrif fækkunar stöðugilda við framkvæmd verkefnisins á starfsemi leikskólans og gæði í skólastarfi.

Reykjavíkurborg – samtöl og heimsóknir

Reykjavíkurborg stofnaði starfshóp í október 2014 sem fékk það hlutverk að útfæra tilraunaverkefni um um styttingu vinnuvikunnar sem hófst á tveimur starfsstöðvum í mars 2015. Síðar bættust fleiri starfsstöðvar við og voru leikskólar meðal þeirra sem bættust við.

Fulltrúar úr starfshópnum heimsóttu einn þessa leikskóla, áttu samtali við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra sem báðar voru með frá upphafi. Þær gátu miðlað vel af fyrirkomulagi og innleiðingu og með hvaða hætti stytting var framkvæmd í leikskólanum. Báðar lögðu mikla áherslu á að breytingastjórnun væri mikilvægur liður í því að innleiða þessa breytingu á árangursríkan hátt. Farið var fram á að allt starfsfólk tækju þátt í verkefninu en tveir starfsmenn voru því fráhverfir og sögðu starfi sínu lausu í kjölfarið. Það starfsfólk sem eru þátttakendur í verkefninu í dag lýsir almennri ánægju með fyrirkomulagið. Ekki fylgdi fjármagn tilraunaverkefninu og segir leikskólastjóri að fyrirkomulagið eins og þar er í dag bitni á endurmenntunar möguleikum og möguleikum á að fara frá til að sinna slíku sbr., fagfundi, námskeið, ráðstefnur og annað, þar sem ekki kemur inn afleysing á móti styttingu.

Haft var samband við leikskólastjóra í öðrum fimm deilda leikskóla sem er þátttakandi. Leikskólastjórinn tekur undir að stytting með þessum hætti bitni á endurmenntun og að forsendur til að skipulag gangi er að mæting sé góð. Þegar á heildina er litið er ánægja með styttingu vinnuvikunnar.

Einnig var leitað eftir upplýsingum frá þeim leikskólum sem ekki taka þátt í verkefninu en 90,5 % leikskóla hjá Reykjavíkurborg hafa ekki farið þessa leið þrátt fyrir að hafa fengið tilboð um að taka þátt í verkefninu. Bæði var haft samband við stjórnendur leikskóla sem drógu sig úr verkefninu og einnig stjórnendur leikskóla sem ekki vilja taka þátt í verkefninu með það að sjónarmiði að fá þeirra sýn til að að kanna sem flest sjónarhorn og hvað hafa ber í huga við gerð áætlunar um innleiðingu á tilraunaverkefni sem þessu.

Í samtali við stjórnanda hjá leikskóla Reykjavíkurborgar sem dró sig úr verkefninu kemur fram að sökum manneklu var skólinn ekki fullsetinn og einnig voru aðrir þættir sem höfðu áhrif á að tekin var sú ákvörðun að segja sig frá verkefninu. Þar er helst að nefna, auk manneklu, lágt faghlutfall, skortur á samvinnu um verkefnið, álag á stjórnendur, skortur á fjármagni til að ráða afleysingu, skerðing á faglegri starfsemi og hátt hlutfall óreyndra starfsmanna.

Upplýsingar frá leikskólastjórum í leikskólum hjá Reykjavíkurborg sem ekki tóku þátt í verkefninu sögðu ekki vera faglegan grundvöll fyrir því að taka þátt í styttingu á vinnutíma án þess að til kæmi fjármagn.

Einnig var aflað upplýsinga frá Hjallastefnunni sem hefur innleitt styttri vinnuviku í leikskólum sínum, til að fá sem fjölbreyttasta sýn á fyrirkomulag á styttingu vinnuviku í leikskólum.

Fulltrúar frá Reykjavíkurborg sem komu að því að setja verkefnið á laggirnar komu til fundar við starfshópinn og upplýstu um framkvæmd verkefnisins, hvað er jákvætt og hvað ber að varast.

Reynsla þeirra er að fækkun vinnustunda um 5 klukkustundir er of bratt og mat þeirra er að slíkt væri ekki gerlegt án viðbótar fjármagns. Í dag eru 6 leikskólar af 64 leikskólum Reykjavíkurborgar þátttakendur í verkefninu. Styttingin er mismikil og getur hæst verið þrjár klukkustundir á viku. Gert er sértakt samkomulag um tilhögun skipulags styttingar á hverri starfsstöð.

Í samtali við fulltrúa Reykjavíkurborgar kemur fram að skipulag og helgun stjórnenda verkefninu er grundvöllur þess að innleiðing gangi vel ásamt góðum aðlögunartíma og þátttöku allra starfsmanna m.a. með einstaklingsviðtölum við allt starfsfólk þar sem skýr rammi og verkferlar eru grunnstoðir.

Tillaga að framkvæmd á tilraunaverkefni um styttingu vinnuviku í leikskólum Hafnarfjarðar



Kostnaðaráætlun

Til að hægt sé að hleypa verkefninu af stað þarf að koma til fjármagn til að mæta kostnaði við afleysingarþörf vegna styttingar vinnuviku til að skerða ekki þjónustu eða gæði leikskólastarfs og komast hjá álagi á starfsfólk og börn ásamt því að viðhalda faglegum metnaði. Samkvæmt greiningu frá deildarstjóra hagdeildar hjá Hafnarfjarðarbæ er áætlaður kostnaður við þetta verkefni á ársgrundvelli miðað við að vinnuvika sé 37 klukkustundir.

Vinnuvika	Dvalarstundir barna	Stöðugildi áætluð til afleysinga	Kostnaður á ársgrundvelli
37 klukkustundir	8,5	33,5	190 – 220 m.kr

Þessar tölur miðast við alla leikskóla Hafnarfjarðarbæjar, en þetta verkefni snýr að því að það nái til þriggja leikskóla og ræðst kostnaðurinn við þá framkvæmd eftir stærð þeirra skóla sem taka þátt í verkefninu.

Niðurstaða

Líkt og segir í upphafi skýrslunnar þá eru kröfur um samþættingu vinnu og einkalífs sífellt hávæðari í samfélaginu ásamt ákalli um að takast á við þann álagsvanda sem blasir við starfsfólki leikskóla.

Í þessari skýrslu er lagt til með hvaða hætti innleiðing á styttingu vinnuviku getur farið fram og hver tilkostnaður er með slíku verkefni. Einnig er lagður til rammi sem heldur utan um verkefnið. Í undirbúningsferli að þessum tillögum hefur starfshópurinn rætt við þá sem hafa farið fyrir slíku verkefni hjá Reykjavíkurborg, í leikskóla Hjallastefnunnar. Starfshópurinn hefur jafnframt sótt málþing og fundi um styttingu vinnuviku ásamt því að lesa skýrslur og niðurstöður rannsókna um það með hvaða hætti er hægt að standa vörð um heilsu og vellíðan starfsfólks. Þannig má skapa börnum sem dvelja í leikskólum bæjarins bestu mögulegu skilyrði til náms og vaxtar.

Niðurstöður verkefnis Reykjavíkurborgar hafa sýnt að stytting vinnuviku er mikilvægt skref í að bæta líðan starfsfólks og eykur möguleika á því að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

Heimildir:

- Dr. Ingibjörg Jónsdóttir. (2017). Vinnutengd streita – orsakir, úrræði og ranghugmyndir. *Ársrit Virk*. Sótt af https://www.virk.is/static/files/virk-a-rsrit_2017__net.pdf
- Reykjavíkurborg. (2016). *Tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar*. Sótt af https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_borgarstjornarfundur/stytting.pdf
- Reykjavíkurborg. (2017). *Tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar*. Sótt af https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_borgarstjornarfundur/stytting_2.pdf
- Reykjavíkurborg. (2018). *Tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar. Lokaskýrsla*. Sótt af https://www.bsrb.is/static/files/Ymis-skjol/stytting_vinnuviku_rvk__april_2018.pdf
- Reykjavíkurborg og BSRB. *Upplýsingavefur um styttingu vinnuvikunnar*. Sótt af <https://www.bsrb.is/is/skodun/malefnin/stytting-vinnuvikunnar>
- Virk. (2018). *Ársrit um starfsendurhæfingu*.

Ráðstefnur

- Stytting vinnuvikunnar eykur lífsgæði, vinna minna og allir vinna. (17.október 2018). Fundur um styttingu vinnuvikunnar hjá Reykjavíkurborg.
- Forskot til framtíðar. (2. nóvember 2018). Ráðstefna um vinnumarkað framtíðarinnar, með áherslu á möguleg áhrif breyttrar heimsmyndar á náms- og atvinnutækifæri ungs fólks.
- Kulnun og álag í starfi. Málþing BSRB. (13. febrúar 2019). Málþing um streituvalda, kulnun, forvarnir og úrræði.
- Hamingja á vinnustöðum er alvöru mál! (21. febrúar 2019). Morgunfundur VIRK, Embættis landlæknis og Vinnueftirlitsins um mikilvægi þess að auka vellíðan á vinnustöðum.



26. apríl 2018

Erindisbréf

Faghópur um tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar í leikskólum

Hópurinn starfar samkvæmt samþykkt fræðsluráðs

Hlutverk:

- Meginverkefni er að fylgja eftir tillögum starfshóps um styttingu vinnuvikunnar sem starfshópur um bættar starfsaðstæður í leikskólum lagði fram í maí. Auk þess sem hann vinnur að eftirfylgd og útfærslu verkefnisins með þeim leikskólum sem tækju þátt.

Hópurinn samanstendur af fagfólki af sviði fræðslu- og frístundarþjónustu auk mannauðsstjóra.

- Árný Steindóra Steindórsdóttir fulltrúi leikskólastjóra
- Arnrún Einarsdóttir fulltrúi aðstoðarleikskólastjóra
- Hildur Kathleen Harðardóttir fulltrúi deildarstjóra
- Hrund Apríl Guðmundsdóttir aðstoðarmaður sviðsstjóra
- Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir þróunarfulltrúi leikskóla
- Guðrún Þorsteinsdóttir mannauðsstjóri

Hópurinn skilar af sér tillögu að leiðum í síðasta lagi 15. mars 2019 svo mögulegt sé að hefja verkefnið að loknum sumarleyfum leikskóla haustið 2019.

- Um tímabundið verkefnið er að ræða til að tryggt sé að jafnræðis sé gætt.
- Samningur um styttingu vinnuvikunnar yrði gerður við alla starfsmenn sem taka þátt
- Þeir vinnustaðir sem velja að taka þátt þurfa að útbúa umsókn um þátttöku sem hópurinn fer yfir þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir þátttöku í verkefninu, væntanleg útfærsla á vinnustaðnum og undirbúningsáætlun viðkomandi starfsstaða.
- Stjórnendum í samstarfi við almenna starfsmenn væri gert að leggja til útfærslu þar sem stytting vinnuvikunnar gæti orðið allt að 3-5 klukkustundir á viku.



26. apríl 2018

Minnisblað um tilraunaverkefni um 35 stunda vinnuviku í leikskólum. Unnið í tengslum við tillögu starfshóps um starfsaðstæður grunnskóla.

Neðangreint eru minnispunktar mannauðsstjóra um tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar sem unnir eru úr skýrslu Reykjavíkurborgar og gefa vísbendingu um að hverju þarf að huga þegar farið er af stað með slíkt verkefni

Fyrirkomulagið hjá Reykjavíkurborg og reynslan af verkefninu:

- Tilraunverkefni sem hefur verið í mótun frá 2014 byggir á samþykkt borgarstjórnar frá sama ári. Markmiðið var að kanna áhrif styttri vinnuviku á heilsu, vellíðan, starfsanda og þjónustu, bæði með tilliti til gæða og hagkvæmni. Ákveðið var að velja starfsstaði á sviði velferðar og fræðslu og þar sem starfsfólk væri undir miklu álagi.
- Starfshópur skipaður pólitískt kjörnum fulltrúum og fulltrúum BSRB, sem átti að hafa umsjón með verkefninu. Starfsmenn stýrihóps komu frá barnavernd, þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts, velferðarsviði og síðan mannauðssérfræðingur frá ráðhúsi. Samsetning hópsins breyttist þegar leið á og komu þá fleiri fulltrúar inn í hópinn frá þeim fagsviðum sem komu inn í verkefnið á seinni stigum.
- Fyrsti áfangi tilraunverkefnisins fór af stað í mars 2015. Skrifstofur þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts og barnaverndin voru fyrstu starfsstaðirnir til að taka þátt. Haustið 2016 bættust leikskólinn Hof við, Laugardalslaug, heimaþjónusta og heimahjúkrun í efri byggð og hverfis- og verkþækistöðvar borgarinnar. Talið mikilvægt að fá líka „karlavinnustaðina“ inn í tilraunina.
- Útfærsla styttingarinnar var mismunandi, en alls staðar var um sömu styttingu að ræða eða 4 klukkustundir á viku miðað við fullt starf fyrir utan þjónustumiðstöðina þar var styttingin 5 klst.